

## AUGLÝSING

### um nýtt deiliskipulag frístundabyggðar í landi Grýtubakka I og II, Grýtubakkahreppi.

Sveitarstjórn Grýtubakkahrepps samþykkti þann 6. október 2008 nýtt deiliskipulag frístunda-  
byggðar í landi Grýtubakka I og II, Grýtubakkahreppi.

Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir 28 frístundahúsalóðum á 26 ha svæði. Stærðir lóða eru á  
bilinu 3.800 til 8.980 m<sup>2</sup>. Tvær lóðir innan svæðisins eru þegar byggðar. Húsin verða einnar hæðar  
og mega stærst vera 140 m<sup>2</sup>. Mesta hæð húsa er 6,0 metrar nema á lóðum nr. 4, 19, 21 og 22 þar sem  
hámarkshæð er 4,70 metrar. Gert er ráð fyrir tveimur tengingum við Þjóðveg 839.

Deiliskipulagið var auglýst, skv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, frá  
21. ágúst 2008 til og með 18. september 2008. Engar athugasemdir bárust.

Sveitarstjórn samþykkti deiliskipulagið sbr. ofangreinda skilmála og hefur deiliskipulagið verið  
sent Skipulagsstofnun til yfirferðar.

Þeir sem óska frekari upplýsinga geta snúið sér til sveitarstjóra Grýtubakkahrepps.

*Grenivík, 11. febrúar 2009.*

**Guðný Sverrisdóttir** sveitarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 25. febrúar 2009